

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Bergvegur 11.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 17. mars 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Grófarinnar og Bergsins þar sem byggingarreit hefur verið breytt. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Hafnargata 56.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 7. apríl 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hafnargötu, Suðurgötu, Vatnsnesvegur og Skólavegar. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að bílastæðum í bílageymslu er fjölgað um þrjú bílastæði og íbúðum um þrjár, frá 15 íbúðum í 18 íbúðir. Stækkun hússins verður með nýrri rishæð, á tveimur einingum af fimm, í samræmi við nærliggjandi mannvirki. Að öðru leyti helst skipulagið óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Reykjanesbæ, 4. júní 2026.

Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 24. júní 2026